



## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Dagsetning

11. maí 1997

Tilvísun  
Alþingi

Erindi nr. P 121/2105

komudagur 12.5.1997

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Hr. Vilhjálmur Egilsson formaður  
Alþingi

Í bréfi til forsætisráðherra, dagsett 9. maí s.l., beina ASÍ og VSÍ þeirri ósk til ríkisstjórnarinnar að frumvarp hennar um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða verði ekki afgreitt á yfirstandandi þingi, en áfram verði unnið að málinu í sumar og frumvarpið afgreitt á haustþinginu.

Ósk aðila vinnumarkaðarins byggist á því, að samtökin telja sig þurfa nokkurn tíma til þess annars vegar að skoða tryggingafræðilegan grundvöll áformaðra breytinga og hins vegar "til að afla stuðnings meðal aðildarfélaganna sinna og innan lífeyrissjóðanna um aukinn sveigjanleika t.d. á borð við það sem rætt hefur verið undanfarna daga".

Efnahags- og viðskiptanefnd og fjármálaráðuneytið hafa að undanfögnu unnið að breytingum á frumvarpinu til að brúa bil milli ólíkra sjónarmiða. Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar hefur í framhaldi af því lagt til breytingar á frumvarpinu.

Ríkisstjórnin telur eðlilegt að nefndin afgreiði málið, þannig að tillögur liggi fyrir með fornlegum hætti. Í framhaldi af því verði frumvarpinu breytt samkvæmt tillögum meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar og lagt þannig fyrir starfshóp, sem fjármálaráðherra mun skipa með þátttöku hagsmunaaðila. Hópurinn mun í samráði við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fjalla um málið í sumar og skila niðurstöðum sínum fyrir miðjan september. Stefnt er að því að frumvarpið verði lagt fram í þingbyrjun og afgreitt fyrir næstu áramót.